

Framboð til formanns Spretts 2026

Kæru félagsmenn,

Ég býð mig fram til formanns hestamannafélagsins Spretts.

Hestar hafa fylgt mér frá barnsaldri og hestamennska hefur alltaf verið stór og mikilvægur hluti af lífi mínu. Ég er ein í minni stórfjölskyldu sem hef sinnt hestamennsku. Ferilinn hófst á reiðnámskeiðum, en þar sem mér þótti það þó ekki nóg, gekk ég oft frá æskuheimili mínu í Garðabæ á félagssvæði Gusts til að vera í nálægð við hesta og læra. Í Gusti var ég svo heppin að kynnast góðri fjölskyldu sem kenndu mér á hestalífið og nauðsynleg handtök í hesthúsinu. Við ellefu ára aldur fékk ég að fara í sveit og vinna með hestum þar í skólafríum. Þær fjölskyldur sem tóku mig að sér hafa mótað líf mitt mikið og eru ástæða þess að undanfarin átta ár hef ég verið með mörg aukabörn með mér í hestum sem eru í sömu stöðu og ég var - að eiga ekki foreldra í hestum. Í dag á ég hesthús í Hæðarenda og eyði þar miklum tíma með Aríönnu Elínu dóttur minni sem er átta ára og Evu Dalrós, 14 ára.



Ég hef fjölþætta menntun sem ég tel geta nýst vel í starfi stjórnar, þá sérstaklega í lögfræði og viðburðastjórnun. Sú þekking getur meðal annars nýst í stefnumótun, samninga- og skipulagsmálum, sem og að efla viðburða- og félagsstarf Spretts. Þá hef ég starfsreynslu bæði hjá hinu opinbera og í einkarekstri. Á sviði stjórnssýslu hef ég unnið með sveitafélögum, þó mest Garðabæ. Ég er t.a.m. skipuð í stjórn Hönnunarsafns Íslands fyrir hönd Garðabæjar og sinni nefndarstörfum í Garðabæ.

Sprettur er öflugt félag með sterka stöðu í íslenskri hestamennsku. Mér er mikilvægt að félagið haldi áfram að vera lifandi og öflugt samfélag fyrir alla félagsmenn – hvort sem um er að ræða börn og ungmenni, keppnisfólk eða þá sem njóta þess einfaldlega að vera í hestamennsku.

Ég vil leggja mitt af mörkum til að styrkja bæði íþróttastarf og félagsstarf Spretts og stuðla að áframhaldandi þróun félagsins. Ég tel að með góðu samstarfi við félagsmenn, skýrum samskiptum og metnaði fyrir starfinu sé hægt að halda áfram að byggja upp enn öflugra og framsæknara félag. Ég myndi leggja mig fram um að vinna af heilindum og með hagsmuni félagsins og félagsmanna að leiðarljósi.

Ég hlakka til að leggja mitt af mörkum í starfi Spretts ef ég fæ til þess traust.

Virðingarfyllst,

Vera Rut